



Hafnarnefndarfundur

Mánudaginn 30. apríl 2012 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 18.00. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Árni Sigurðsson, Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Sveinsson, Jóhann Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjármál hafnarinnar

a) Ársreikningur 2011.

Í ársreikningnum kemur fram að rekstrartekjur hafnarinnar námu 54.407 þús. Rekstrargjöld námu samtals 25.946 þús. og rekstarniðurstaða hafnarsjóðs var því jákvæð sem nemur 28.461 þús. Í sjóðstreymi kemur fram að teknu tillit til afskrifta og breytinga á rekstrartengdum liðum var handbært fé frá rekstri 14.523 þús.

Fjárfestingar námu samtals 14.507 þús.

Hafnarnefnd ræddi fyrirbyggjandi niðurstöður ársreiknings en gerði ekki athugasemdir við hann.

b) Fjárhagsáætlun 2012

Fyrir fundinum lá yfirlit um fjárhagsáætlun 2012 og greining niður á einstaka liði fjárhagsáætlunar. Heildartekjur áætlunar eru 38.700 þús. og áætluð gjöld samtals 25.036 þús. Áætluð rekstarniðurstaða hafnarsjóðs er því jákvæð um 13.664 þús.

Hafnarnefnd ræddi niðurstöður fjárhagsáætlunar og samþykkti hana fyrir sitt leyti.

2. Gjaldskrá hafnarinnar.

Fyrir fundinum lá tillaga að breytttri gjaldskrá hafnarinnar sem taki gildi 1. maí nk. Hafnarnefnd ræddi gjaldskrána og samþykkti hana.

3. Starfsmannahald.

Sveitarstjóri lagði fram uppsagnarbréf hafnarvarðar sem biðst lausnar frá starfi sínu. Hann greindi frá því að viðræður hafi farið fram við starfsmanninn þar sem óskað hafi verið eftir að hann drægi uppsögn sína til baka og boðin breyting á stöðu en án árangurs.

Samþykkt að auglýsa starf hafnarvarðar.



4. Framkvæmdir 2012

a) Ásgarður – steypit þekja.

Fyrir fundinum lá samantekt Kristjáns Helgasonar tæknifræðings á Siglingastofnun sem var áður til umfjöllunar á fundi hafnarnefndar 6. okt. sl. Í samantekt KH er gert kostnaðarmat á að steypa þekju á garðinn og setja á hann nýja steypujárnspolla, kanttré og endurnýja rafmagnstengingar. Fram kom að KH. er tilbúinn að útfæra nánar verklýsingu og fleira varðandi framkvæmdina og að í fjárhagsáætlun hafi verið gert ráð fyrir framkvæmdinni. Sveitarstjóra falið að koma verkinu af stað.

b) Frágangur og malbikun akstursleiða og geymslusvæða

Malbikun akstursleiða var áður til umfjöllunar á fundi 6. okt. sl. Fram kom að svæði sem þarf að malbika í framhaldi af endurbyggingu grjótvarnar norðan Spákonufellseyjar er um 376 fm og áætlaður kostnaður við það um 1,9 milljónir króna. Gert er ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun ársins.

c) Flotbryggjur

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um flotbryggjur og tekið til umræðu hvort og hvernig best væri að koma þeim fyrir. Samþykkt að fá nánari útfærslu á möguleikum, bæði fyrirkomulagi og kostnaði.

d) Almennt viðhald

Tekin var umræða um almennt viðhald á höfninni og hvaða verkefni eru þar brýnust. Umræður urðu um dekkjamottur, gámamál á höfninni og rafmagnsmál.

5. Önnur mál.

Ekki var umræða undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 20.00

Adolf H. Berndsen,	Árni Sigurðsson,
Sigríður Gestsdóttir,	Gunnar Sveinsson,
Jóhann Sigurjónsson	Magnús B. Jónsson